



Ávarp stjórnarformanns

Ingibjargar Aspar Stefánsdóttur



Ljósmynd: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Ágætu hluthafar, góðir fundarmenn.

Það var sannarlega ekki svona sem við sáum þetta fyrir okkur. Aðalfundur á tíunda afmælisári Hörpu fer fram í lokuðu húsi að loknu starfsári sem á sé engar hliðstæður.

Fyrri staðhæfingar um ögrandi aðstæður í rekstri Hörpu blikna þeim aðstæðum sem hafa verið uppi. Árið 2020, sem lofaði svo góðu, varð sannkölluð rússíbanareið. Ansi

oft hégum við í öryggisbeltunum, dýfurnar urðu margar og vöndust illa, en við erum enn á teinunum. Verkfærin sem við áttum virkuðu ekki í áður óþekktum aðstæðum. Í þetta skipti þurfti æðruleysi og auðmýkt í bland við útsjónarsemi og yfirvegum. Síðast en ekki síst þurfti trú á að framtíðin yrði aftur björt og metnað til að nýta þennan sérstaka tíma til að búa okkur undir lífið eftir Covid. Í því lífi mun Harpa leika stórt hlutverk í íslensku samfélagi.

Harpa hefur sannarlega andað með landsmönnum í gegnum þessa krefjandi tíma. Þó aðstæður hafi valdið því að gestum í húsið hafi fækkað verulega þá hafa fjölmargir viðburðir verið sendir út frá Hörpu og þannig hefur húsið skapað umgjörð fyrir ólíka viðburði og haft áhrif á upplifun áhorfenda. Í þessu sambandi er nærtækast að nefna hina fjölmörgu fundi ríkisstjórnarinnar sem sendir hafa verið út frá Hörpu. Þeir fundir bætast við langan lista af annars konar fundum, ráðstefnum og menningarviðburðum sem einnig hefur verið miðlað frá þessum vettvangi.

Starfsmenn hússins hafa tileinkað sér tækni og lausnir sem við vitum að eiga eftir að gagnast okkur vel í framtíðinni enda ljóst að við munum halda í margt sem við höfum lært þó við hverfum til fyrra horfs í öðru.

Á síðasta aðalfundi gerðum við grein fyrir því að innleiðing á nýlega samþykktari stefnu félagsins hefði hafist. Virði þessarar vinnu varð dýrmætt akkeri í krísustjórnuninni sem við tók í Hörpu á Covid tímum. Það er aldrei mikilvægara en í slíkum aðstæðum að hafa fyrir framan sig áttavita sem markar með afgerandi hætti stefnu og áherslur. Þau stefnumið sem vinnan skilaði hafa orðið mikilvæg hvatning og áminning um þá vegferð sem við höfðum ákveðið að leggja í. Okkur auðnaðist að nota það tómarúm sem skapaðist í húsinu á síðasta ári til góðra verka. Það gat meðal annars orðið vegna þess að eigendur hússins, ríkið og Reykjavíkurborg, lögðu félaginu til aukið hlutafé, fjármuni sem notaðir eru í mikilvægar framkvæmdir sem snúa annars vegar að nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum en hins vegar að



breytingum á skipulagi og aðstæðum á jarðhæð. Sú framkvæmd hvílir á áherslum í stefnumótun á sama tíma og horft er til breytinga á umhverfi Hörpu og í samfélaginu.

Fjárfestingaverkefni sem hér um ræðir felast meðal annars í LED væðingu á stærstum hluta lýsingar í Hörpu. Verkefni sem skilar til lengri tíma lækkuðum viðhalds- og rekstrarkostnaði samhliða því að vera umhverfisvænni kostur.

Orkusparnaðarverkefni er annað dæmi um verkefni en þar er leitað hagkvæmustu og grænustu leiða hvað varðar hita, rafmagn og loftræstingu. Ráðist var í óumflýjanlegar viðgerðir á þaki vesturbyggingar og sömuleiðis skapast með þessu fjármagni svigrúm til að fara í frágang á lóð sem tengist Reykjastræti og breytingum á nærumhverfi Hörpu.

Að lokum má svo nefna ákveðna endurhugsun á jarðhæð Hörpu. Það er verkefni sem er sérstaklega spennandi enda mun það breyta að talsverðu leyti ásýnd anddyris og almennarýma í húsinu og upplifun þeirra sem hingað koma. Markmiðið er að auka nýtingu á jarðhæðarrýmum, bæta þjónustu og auka tekjur.

Auk fjárfestingarverkefna var unnið að öðrum umbótar- og þróunarverkefnum sem tengjast innri starfsemi Hörpu. Sem dæmi um slík verkefni má nefna umbótavinnu varðandi Græn skref, mannauðsstefnu, jafnlaunavottun og nýja samninga við ýmsa þjónustu-, rekstrar- og samstarfsaðila.

Allt miðar þetta að sama marki. Það er að Harpa verði hvorki draugahús né tímaskekkja þegar kófinu léttir heldur höfum við undirbúið okkur þannig að viðspyrna okkar verði kröftug. Að fljótt og örugglega takist að glæða húsið lífi að nýju. Eins og margoft hefur áður komið fram er það ekki einkamál Hörpu að vel gangi með starfseminu og það á líka við viðspyrnuna, við höfum skyldur við samfélagið og viljum vera hluti af endurreisn ferðaþjónustunnar samhliða því sem menningarstarfið fær að blómstra á ný. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Á síðasta aðalfundi leyfði ég mér að fullyrða að flestum þeim steinum sem hægt væri að velta við hefði verið velt í leit að tækifærum til hagræðingar og kostnaðarlækkunar í starfsemi Hörpu. Stjórnendur hafa ekki slegið slöku við í þeim aðstæðum sem í kjölfarið fylgdu. Með takmarkaðri starfsemi og lokun hússins fylgdu frekari áskoranir í þessum efnum og árangurinn má glögg sjá í niðurstöðum ársreiknings sem liggur fyrir fundinum. Það eru ekki tilviljanir eða heppni sem skila þessum árangri heldur einbeittur vilji og ásetningur til að gera allt sem hægt er til að bregðast við aðstæðum og láta verkin tala. Góður árangur í tapaðri stöðu sýnir hvers við erum megnug og hvers má vænta þegar birtir til með styrkri forystu stjórnenda og samhentu átaki starfsmanna.

Allt byggir þetta þó á því að til staðar sé raunhæfur rekstrargrundvöllur. Húsinu þarf að sníða sjálfbæra umgjörð og aðstæður. Við viljum aldrei að slegið sé af kröfum sem gerðar eru til okkar og lengi má gott bæta en það hefur blasað við frá opnun hússins að ákveðnar breytingar þurfi að gera. Við tókum mikilvæg skref á síðasta aðalfundi með nauðsynlegum breytingum á reikningsskilum, en við megum



ekki láta staðar numið heldur verðum að klára verkið. Núverandi umgjörð er ósjálfbær og styður ekki þau markmið sem fram koma í eigendastefnu.

Til staðar er skilningur eigenda á vandanum og vilji til að takast á við viðfangsefnið sem vissulega er flókið og umfangsmikið, sér í lagi þegar margir þurfa að koma að úrlausn mála. Stjórn Hörpu hefur lagt á það ofuráherslu að tímaramminn í þessari vinnu sé skýrður og að aukinn kraftur verði settur í að þróa þær hugmyndir sem ræddar hafa verið. Óvissan er versti óvinurinn og eftirsóknarvert að hún verði lágmörkuð í þeim þáttum sem við getum raunverulega haft áhrif á.

Rekstrargrundvöllinn verður að tryggja enda verða undirstöður að vera traustar í rekstrinum líkt og byggingunni sjálfri.

Frá aðalfundi Hörpu 19. júní 2020 hefur stjórnin fundað 12 sinnum. Þá eru ekki taldir með fundir sem stjórnin hefur átt með eigendanefnd, fundir vegna framkvæmda og sérverkefna eða fundir með öðrum hagaðilum. Frá aðalfundi 2020 hefur endurskoðunarnefnd félagsins fundað 5 sinnum.

Ég vil, við þetta tilefni, þakka fulltrúum eigenda, jafnt þeim sem sitja í eigendanefnd sem öðrum fulltrúum, traust og gott samtal og samstarf. Okkar sameiginlega verkefni er, eins og áður sagði, umfangsmikið og flókið. Það er staðan á venjulegum tímum og enn frekar þegar allir helstu innviðir samfélagsins leika á reiðiskjálfi. Ríkur skilningur er á meðal eigenda á mikilvægi þess að lokið verði við vinnunni sem hófst fyrir Covid tíma. Við mættum einnig miklum skilningi þegar þurfti að ræða viðbótarframlög til rekstrar vegna fordæmlalausra aðstæðna og sömuleiðis í umræðu um framkvæmdafé til skynsamlegra fjárfestinga. Ég vil fyrir hönd stjórnar færa ykkur bestu þakkir fyrir samstarfið og stuðninginn við Hörpu á erfiðum tímum.

Starfsfólk Hörpu er einstakur hópur sem sannarlega eiga þakkir skildar fyrir vel unnin störf á sérstöku starfsári við krefjandi aðstæður og óvissu. Öll Covid viðbrögð voru til einstakrar fyrirmyndar og ég veit fyrir víst að mikið gekk á í stöðugu endurmati og endurskipulagi á starfsemi eftir því sem leikreglur og samkomutakmarkanir þróuðust. Líkt og þessi hópur hefur áður sýnt er fagmennskan ávallt í fyrirrúmi. Svanhildur og Berglind hafa sömuleiðis borðið fyrirliðaböndin með miklum sóma.

Við ykkur kæra samstarfsfólk í stjórn vil ég segja að það hefur verið gefandi og lærdómsríkt að vinna með ykkur í öflugri liðsheild. Takk fyrir afar traust og gott samtal og samstarf.

Hafið öll bestu þakkir fyrir.

15. apríl 2021

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir.